



## Fundargerð

1436. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Tjarnargötu 12  
28. september 2023, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Friðjón Einarsson boðaði forföll, Guðný Birna Guðmundsdóttir sat fyrir hann.

\* \* \*

1. Valkostagreining vegna sameiningar sveitarfélaga (2023090620)  
Lagt fram erindi frá Sveitarfélaginu Vogum þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins.  
Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur og Margréti A. Sanders að vera fulltrúar ásamt Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra í samtali um valkostagreiningu fyrir hönd sveitarfélagsins.
2. Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs 15. júní 2023 (2023060287)  
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs.
3. Fundargerð stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. 12. september 2023 (2023010355)  
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf.
4. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 14. september 2023 (2023010630)  
Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.
5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. september 2023 (2023010560)  
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
Bæjarráð tekur undir bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi umsækjendur sem fengið hafa synjun um alþjóðlega vernd og tekur undir eftirfarandi bókun sambandsins:  
**„Stjórn sambandsins ítrekar þá afstöðu sem sambandið hefur talað fyrir undanfarnar vikur um að sveitarfélögum sé hvorki heimilt né skylt að veita þeim erlendu ríkisborgurum fjárhagsaðstoð, sem vísað hefur verið úr þjónustu ríkisins í kjölfar synjunar á umsókn viðkomandi um alþjóðlega vernd, skv. útlendingalögum.“**

6. Fundargerð aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 19. september 2023 (2023090123)

Lögð fram til kynningar fundargerð aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga.

7. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 25. september 2023 (2023010659)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

8. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2023020682)

Tillaga til þingsályktunar um réttlát græn umskipti, 3. mál

<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0003.pdf>

Umsagnarmál lagt fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.35